

Nafn lánþega/prentstafir	Kennitala	Netfang
--------------------------	-----------	---------

Hér með sæki ég um undanþágu frá reglum LÍN um námsframvindu á tímabilinu
___ / ___ 20__ -- ___ / ___ 20__ vegna:

Veikinda

- Nái námsmaður ekki lágmarkseiningafjölda (18 ECTS-einingum) **vegna veikinda** má veita undanþágu og **greiða lán fyrir allt að 18 ECTS-einingar**.
- Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi (18 ECTS-einingum eða sambærilegu).
- Með sama hætti er hægt að veita undanþágu vegna **veikinda barns, maka eða foreldra námsmanns** ef veikindin raska verulega högum námsmanns. Þetta á einnig við um aukið svigrúm vegna **andláts í fjölskyldunni**.
- Leggja þarf fram beiðni um slíka undanþágu ásamt nákvæmu læknavottorði.
- Námsárangur þarf alltaf að liggja fyrir í þessum tilfellum.

Barnsburðar

- Lágmarkseiningafjöldi til að fá námslán er 18 ECTS-einingar. Ef námsmaður eignast barn á meðan á námi stendur og nær ekki þessu lágmarki **má bæta allt að 13 ECTS-einingum við námsárangurinn**.
- Námsmaður þarf að hafa **lokið að lágmarki 5 ECTS-einingum** á önninni til að eiga rétt á slíkri undanþágu.
- Skilyrði er að námsmaður hafi **áður skilað fullnægjandi árangri** í lánshæfu námi (18 ECTS-einingum eða sambærilegt).
- Samanlagt skal þó **viðbótarsvigrúm beggja foreldra** vegna einnar fæðingar ekki vera meira en sem nemur 13 ECTS-einingum.
- Þetta svigrúm getur námsmaður nýtt sér frá seinni hluta meðgöngu og þar til barnið er orðið eins árs.

Örorðu eða lesblindu

- Lágmarkseiningafjöldi til að fá námslán er 18 ECTS-einingar. Nái námsmaður því ekki vegna örorku eða lesblindu er hægt að **bæta allt að 9 ECTS-einingum við námsárangurinn**. Námsmaður **þarf að hafa lokið að lágmarki 9 ECTS-einingum** á önninni til að eiga rétt á slíkri undanþágu. Sem dæmi má nefna að námsmaður með örorku sem lýkur 9-17 ECTS-einingum getur því fengið lán sem nemur greiðslu fyrir 18 ECTS-einingum.
- Leggja þarf fram beiðni um slíka undanþágu ásamt örorkuvottorði (a.m.k. 75% örorka) eða greiningu sérfræðings á lesblindu.
- **Námsárangur þarf alltaf að liggja** fyrir í þessum tilvikum.

Dagsetning	Undirskrift
------------	-------------